



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

7. tbl. 2007, - 17. árg.
Október 2007

Íslenskuskólinn

Íslenskukennslan í Internationalskólanum hófst 19. september síðastliðinn.

Kennt er á miðvikudögum fyrir yngri hóp þ.e. 1. - 5. bekk, klukkan 14:20 til 15:30. Þar eru tuttugu börn að mæta í skólann.

Í beinu framhaldi kemur eldri hópur þ.e. 6. - 8. bekkur, einnig á miðvikudögum, þá kl. 15:30 til 16:30. Þar eru sex börn að mæta í skólann.

Kennsludagar sem eftir eru af haustönn 2007

24. október 2007	21. nóvember 2007
7. nóvember 2007	28. nóvember 2007
14. nóvember 2007	5. desember 2007

Þeir foreldrar sem ekki hafa komið með börn sín í kennslu í Internationalskólann eru velkomin að mæta með börnin hvenær sem er.

Kennari er Dagný Broddadóttir
Sími 26 311 781 Gsm 621 541 292
E-mail dagny@vma.is

Íslenskuskennsla fyrir önnur börn í Luxembourg er ekki byrjuð. Nýverið fékkst svar frá Ernster Commune um lán á sal þar. Ernster er lítið þorp á milli Niederanven og Gonderange.

Kennt verður á laugardögum kl. 10:00 til 11:30

Kennsludagar haustannar 2007 verða

10. nóvember 2007	8. desember 2007
17. nóvember 2007	15. desember 2007
1. desember 2007	

Kennarar verða Elsa og Heiða, sjá hér að neðan.

Elsa Dórothea Kjartansdóttir
Sími 26 684 323 Gsm 621 572 779
E-mail elsakja@simnet.is

Heiða Ingimundardóttir
Sími 26 352 094 Gsm 691 757 787
E-mail hei5@hi.is

Stjórn FÍL

Guðspjónusta

Sunnudaginn 11. nóvember næstkomandi klukkan 19:30 verður íslensk guðspjónusta í Mótærendakirkjunni, 5 rue de la Congrégation í Luxembourg. Sr. Sigurður Arnarson mun predika.

Stefnt verður að því að hafa guðspjónustuna hressa og með öðrum hætti en verið hefur.

Takið eftir breyttum tíma guðspjónustunnar.

Næsta guðspjónusta verður svo jólaguðspjónusta, sunnudaginn 22. desember kl. 14:00 í Mótærendakirkjunni.

Nánara fyrirkomulag verður auglýst síðar.

Kirkjunefndin

Basar International

Hinn árlegi Basar International verður haldinn fyrstu helgina í aðventu í LUXEXPO Kirchberg Foires International.

Opnunartími er laugardaginn 1. desember frá 12:30 til 19:00 og sunnudaginn 2. desember frá 10:00 til 18:00.

Íslenski Basarinn mun m.a. selja lopa- og flísfatnað frá Íslandi. Einnig munum við selja íslenskt sælgæti, íslenskan lax, sild svo og hið vinsæla rúgbrauð, heimabakað af íslenskum félagskonum í Luxembourg.

Basarnefndin ætlar einnig að vera með þá nýbreytni að að bjóða upp á konfektakassa frá Nóa & Síriusi. Nefndin tekur niður pantanir frá þeim sem þess óska.

Allur ágóði Basar International rennur til líknarmála.

Vakin er athygli á því að nefndina vantar fólk í afgreiðslustörf basarhelgina. Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við nefndarmeðlim við fyrsta tækifæri.

Í basarnefnd eru:

Vala Björg Arnardóttir, formaður	sími 621 674 427
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri	sími 691 741 858
Guðný Benediktsdóttir, (innkaupast.)	sími 661 200 206
Herdís Þórisdóttir (Dísa)	sími 350 206
Hjördís Ingvarsdóttir,	sími 621 485 563
Tekla Skowronski	

Basarnefndin

Í þessu blaði:

<i>Íslenskuskólinn</i>	1
<i>Guðspjónusta</i>	1
<i>Basar International</i>	1
<i>Skólakór Kársness</i>	2
<i>Ný umferðarlög í Lux</i>	2
<i>Málverkasýning Þóru</i>	2
<i>Klukkunni breytt</i>	2
<i>Echternachgangan</i>	2
<i>Gisting í Friðartúni</i>	2
<i>New World Theatre Club</i>	2
<i>Jólaball FÍL</i>	3
<i>Samsýning Kötü & Rúnu</i>	3
<i>Sýning Sigrúnar</i>	4
<i>Húsmóðurstarfið</i>	4
<i>Unglingarnir í dag ?</i>	4
<i>Ráðagóðahornið</i>	4
<i>Frá ritstjóra</i>	4
<i>Litlu dálkarnir</i>	4



Á döfnni:

- Íslenskuskólinn 10. nóv 2007
- Guðspjónusta 11. nóv. 2007
- Myndlistarsýning Sigrúnar Rosenberg stendur til 12. nóv.
- New World Theatre Club Tissue 14. - 19. nóv.
- Myndlistarsýning Þóru Karlsdóttur, opnun 15. nóv.
- Basar International 1.- 2. des.
- Guðspjónusta 22. des. 2007
- Jólaball verður 26. des. 2007
- Þorrablót fyrirhugað 1. mars 2008

Jólaballið verður 26. desember 2007

Þorrablótið er fyrirhugað 1. mars 2008



Skólakór Kársness

Skólakór Kársness í Kópavogi kom til Luxembourg þann 27. júní 2007 og hélt tónleika í Mót-mælendakirkjunni, 5 rue de la Congrégation.

Þeir sem áttu þess kost að mæta, voru dolfallnir af hrifningu vegna frammistöðu kórsins. Yndislegt á að hlýða og að horfa, unga fólkið fallega klætt með fagaða framkomu og allt gekk upp.



Stjórnandi kórsins Þórunn Björnsdóttir stjórnaði kórnum með styrkri hendi.

Þetta var frábært framlag Kársnesskórs að koma til Luxembourg með tónleika en því miður fengu fáir að njóta því einstaka manneskjur vissu um atburðinn. Engin var auglýsingin og bara vinir og ættingjar barnanna vissu um tónleikana.



Þetta sýnir okkur það að ef við miðlum ekki upplýsingum á milli okkar hér í Luxembourg þá missum við af svona viðburðum. Sýnum samstöðu í verki, það hefðu svo sannarlega fleiri viljað sjá þessa tónleika.

Ritstjóri

New World Theatre

New World Theatre Club presents Adrian Diffey, Fran Potasnik, Niamh Huggard in **TISSUE** by Louise Page directed by Wendy Dunning-Baker.

One woman's journey through breast cancer. Théâtre du Centaure, 4 Grand rue Luxembourg 14 - 19 November 2007 8:00 p.m. Tickets 15 €

Reservations: Tel: (+352) 35 87 78

E-mail: tissue@sarumlux.net

Ritstjóri

Ný umferðarlög í Lux

Fyrir þá sem ekki vita hafa ný umferðarlög tekið gildi hér í Luxembourg frá og með 1. október síðastliðnum.

Stiklað er á stóru:

“Alcoholpromill” = Alcoholmagn í blóði.

0,5	=	engin sekt
0,5 til 0,8	=	45 Euro sekt
0,8 til 1,2	=	500 Euro sekt

allt yfir 1,2 = sekt getur farið upp í 10.000 Euro og allt að 3 ára fangelsi og ökuskipteini tekið á staðnum.

Einnig hefur lögreglan leyfi til að taka ökuskipteinið á staðnum ef ekið er of hratt t.d. 135 km/h á þjóðvegum og ef ekið er á 70 km/h þar sem 30 km/h er leyfilegt.

Ritstjóri færir Mariu Huesman kærar þakkar fyrir aðstoð við ofangreindar upplýsingar

Gisting í Friðartúni

Íslensk kona að nafni Helga Þóra Eder rekur ásamt eignumanni sínum fallegan ferðamannastað í Þýsku Ölpunum, nánar tiltekið Gistiheimilið "Friðartún" í Berchtesgaden.



Húsið Friedwiese "Friðartún" stendur upp í hlíð á besta stað á milli Berchtesgaden og Königssee með frábæru útsýni til Alpanna. Þar eru fallega innréttuð herbergi með baði, svölum eða verönd. Hægt er að fá sjónvarp í herbergin ef óskað er, gegn greiðslu. Einnig er aðstaða til að hita kaffi og að fá afnot af kælskápa. Hið fræga Arnarhreiður er í nágrenni gistiheimilisins.

Helga Þóra er með mjög aðgengilega og fallega heimsíðu www.friedwiese.de/isl.htm og netfangið er eder@friedwiese.de

Heimilisfangið er Friedbichlweg 14, 83471 Schönau am Königssee.

Sími: +49 8652 4123 og Gsm +49 1609 607 74 32

Sólveig og Snorri Loftsson mæla með þessum stað



Málverkasýning Þóru

Þóra Karlsdóttir opnar sína fyrstu málverka-sýningu í Gallery Arizona Lounge þann 15. nóvember næstkomandi.

Sýning hennar nefndist "ALL ABOUT RUST" og verk hennar byggjast á acryl með ryðtækni.

Sýningin verður nánar auglýst síðar og boðskort send út.

Ritstjóri

Klukkunni breytt

Klukkan verður færð frá sumartíma í vetrartíma þann 28. október næstkomandi. Þetta þýðir sem sagt að færa klukkuna einn klukkutíma til baka.

Ritstjóri

Echternachgangan

Echternachganga FÍL fór fram sunnudaginn 14. október síðastliðinn.

Veðrið lék við göngugarpa og ungir sem aldnir, hvort sem þeir mættu með sína tvo ektafætur, hjól, þríhjól, tvíhjól, línuskauta og eða á þessum nýju skóm sem hafa hjól undir, skemmtu sér hið besta hringinn í kringum vatnið.



Eftir gönguna þá gæddu göngugarpar sér á íslenskum pylsum og sælgæti þangað til allir voru mettir og sáttir.

Áætlað var að um 140 manns hafi mætt í Echternach þennan sunnudag og þakkar stjórn FÍL kærlega fyrir þátttökuna og skemmtilegan dag.

Ritstjóri

Jólaball FÍL 2007

Jólaball FÍL verður þann 26. desember næstkomandi kl. 15:00 - 18:00 í salnum Am Sand í Niederanven (á bak við verslunarmiðstöðina).

Ef stjórn FÍL á að geta haldið jólaballið í ár þá þarf fjölda aðstoðarfólks, þar sem aðeins hluti stjórnar verður á landinu um jólin.

Verkefni eru mörg og margvísleg, t.d. að setja upp salinn, skreyta, kakógerð, afgreiðslustörf og ýmislegt fleira.

Vinsamlegast skráið ykkur hjá stjórnar-meðlimum, sjá á bls. 4.

Stjórn FÍL



Samsýning Kötu og Rúnu

Eins og fram kom í júní Brú þá héldu þær Guðrún Benedikta Elíasdóttir, "Rúna" og Katrín Friðriks, "Kata" samsýninguna "Decoding Iceland?" í Fortisbanka í miðbæ Luxembourg.



Heiðursgestur sýningarinnar var Hr. Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra.

Sýningin var stór, mikil, falleg og mjög áhugaverð.

Margt var um manninn við opnunina eins og myndirnar sýna.



Vefsíður Kötu og Rúnu eru www.katabox.com og www.rbenedikta.com

Ritstjóri

Ástin og börnin

"Ástin finnur mann sko alltaf ... Jafnvel þótt þú reynir að fela þig. Ég hef reynt að fela mig oft, oft, en alltaf finna stelpurnar mig og verða skotnar í mér." *Davíð 8. ára*

Frá ritstjóra

Kæru lesendur

Hef erindi mitt stutt því eins og ég hef áður sagt er erindi ykkar meira áriðandi. Þakka skemmtileg innlegg og vona að þið haldið áfram á sömu nótum.

Fullt af efni er í þessu blaði en ef þið vitið að einhverjum uppákomum sem Íslendingar sem hér búa myndu vilja vita af, endilega látið mig eða stjórn FÍL vita. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að sjá það sem okkur er boðið uppá!

Bestu kveðjur frá ritstjóra Brúarinnar

Húsmóðurstarfið

Húshjálp, kokkur, bílstjóri, húsvörður og framkvæmdastjóri fjölskyldunnar í einni og sömu manneskjuni.

Ef hin dæmigerða heimavinnandi húsmóðir í Bandaríkjunum fengið borgað fyrir vinnu sína myndi hún þéna meira en átta milljónir á ári samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn sem *Aftenposten* greinir frá.

Í rannsókninni hefur verið reiknað út að verkefni húsmóðurrinnar taki yfir tíu starfsgreinar því í henni mætast húshjálp, kokkur, leikskólakennari, starfsmaður í þvottahúsi, bílstjóri, húsvörður, tölvuráðgjafi, vélstjóri, framkvæmdastjóri og sálfræðingur.

Vinnudagur dæmigerðrar heimavinnandi húsmóður er aukinheldur mun lengri en gengur og gerist, heilir 92 tímar á viku.

Í rannsókninni eru 40 þeirra grunnvinna en hinir 52 tímar reiknast sem yfirvinna. Móðir sem vinnur fulla vinnu utan heimilis er hins vegar talin vinna heimilisstörf að andvirði 5 milljóna króna árlega að meðaltali.

Rannsóknin byggist á svörum frá 26.000 heimavinnandi húsmæðrum og 14.000 mæðrum sem að auki vinna utan heimilis.

Þá hafa eldri rannsóknir leitt í ljós að vinna móður er meira virði í beinhörðum peningum en vinna föður.

Mbl. 21.05.2007

Fjölskyldumyndin

Bisnesskona kom inn á bar og pantar tvöfaldan martini með ísmolum.

Þegar hún var búin úr glasinu opnaði hún veskið sitt og horfði um stund ofan í seðlaveskið. Síðan pantaði hún sér annan martini.

Þegar drykkurinn var búin kíkti hún aftur í seðlaveskið sitt, andvarpaði og pantaði sér þriðja martini-glasið.

Barþjónninn var að springa úr forvitni og sagði við konuna:

"Elskan mín, leyfðu mér að bjóða þér upp á næsta drykk en aðeins gegn því að þú segir mér hvað þú ert að skoða í veskinu þínu."

"Ég er alltaf að kíkja á mynd af fjölskyldu minni" svaraði konan ljúfmannlega.

"Um leið og mér er farið að finnast maðurinn minn sætur og börnin eins og englar þá veit ég að tímabært er að fara heim."

Viðförlu Netverjinn

Sýning Sigrúnar

Sigrún Rosenberg Ingvarsson opnaði málverkasýningu sína í Gallery Arizona Lounge í Contern í Luxembourg fimmtudaginn 11. október síðastliðinn.



Sigrún sýnir rúmlega sjötíu verk og er sýningin falleg og gaman að sjá hversu margir komu í opnunarboðið.



Sýningin stendur til 12. nóvember næstkomandi.

Ritstjóri

Unglingarnir í dag ?

Sönn saga frá verslunarferð á Íslandi.

Kona ein sagði frá því þegar að samstarfsfélagi hennar fór í Rúmfatalagerinn til að kaupa herðatré. Hún finnur ekki herðatrén og spyr einhvern unglingsstrák hvar þau séu geymd?

Strákurinn er gjörtsamlega tómur á svipinn: "Það er búið að pakka niður sumarvörumum"

Vá, samstarfsfélaginn bara horfði á hann og íhugaði hvort hann væri ekki að grínast en fór svo að lýsa því fyrir honum hvað herðatré væri.

"Þetta er notað til að hengja fót á og er með svona krók að ofan."

Strákurinn: "Neiii held það sé ekki til.

Sem sagt strákurinn hafði ekki hugmynd um hvað herðatré væri!!!

Börnin og ástin

"Strax á eftir þegar ég er búinn í leikskólanum ætla ég að finna mér konu."

Tómas 5. ára



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	irishorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Bazar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006



Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu. Spyrjast fyrir og pantið hjá Icekost. Netfang: ickkost@t-online.de og síminn er +49 178 9055 862.

Gervihnattarbúnaður

Gervihnattarbúnaður til að horfa á RUV á Íslandi, er nú til sölu í Luxembourg. Verð án uppsetningar er 400 €. Upplýsingar í síma 621 365 895 eða sendið e-mail á island@pt.lu.

Tilkynningar

Til félagsmanna

Gaman væri að fá skemmtilegar myndir frá félagsmönnum til að birta í Brúnni. Endilega sendið inn skemmtilegt efni.

Símaskrá Nýjir meðlimir

Hörður Guðmundsson
Sigrún Haraldsdóttir
8 rue Abbe Nicolas Weyrich
L-5978 ITZIG
Sími 26362067
E-mail hordur.gudmundsson@glitnir.lu
E-mail SH sih2@hi.is
Gsm SH 621 317 675

Torfi Rafn Halldórsson
Laufeij Vilhjálmisdóttir Hjörvar
27a rue du Scheid
L-6996 RAMELDANGE
Gsm LV 621 633 934
E-mail thalldorsson@medis.is
E-mail laufeijvil@gmail.com

Breytingar

Kolbeinn Sigurðsson
Aðalheiður Ingvadóttir
Sími 789259
Gsm KS 691 789 259
Ísland KS (354) 821 1617
Ísland AI (354) 822 1617
E-mail kollisig@gmx.net
E-mail ingvadottir@yahoo.com

Kristján Gíslason
Guðrún Benedikta Elíasdóttir
24 rue des Marguerites
L-2127 WEIMERSHOF

Fæðingar

Anna María Jóhannesdóttir og Ottó Karl Ottósson eignuðust drenginn Leon Ara, 18. október síðastliðinn. Hann var 4520 gr. og 54 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Auður Ágústa Hermannsdóttir og Guðjón Sævarsson eignuðust dótturina Guðmundu Auði, 5. júlí síðastliðinn. Hún var 3900 gr. og 53 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Katrín Helga Guðbrandsdóttir og Snæbjörn Sigurðsson eignuðust drenginn Kristinn Pál þann 21. september síðastliðinn. Hann var 3980 gr. og 52 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.katabox.com
www.luxembourgticket.lu
www.poppconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Víðar

www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Öxar við ána, skjótum upp kjána.”